

## Samantekt fyrir fjölskylduráð Hafnarfjarðar um stöðu barnaverndarmála

Það sem af er árinu 2016 hefur álag á barnaverndarstarfsmenn aukist mikið. Fjöldi barnaverndartilkynninga er meiri en árið 2015 voru tilkynningarnar 873 en það sem af er ári eru þær orðnar 669 og stefna í yfir 1.000.

Á vef Barnaverndarstofu kemur fram að barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar fær næst flestar barnaverndartilkynningar á eftir barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Tilkynningar í Hafnarfirði eru 12,3% af öllum tilkynningum á landinu en í Kópavogi eru tilkynningarnar 7,7%.

<http://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Skyrsla-um-samanburd-fyrstu-thrja-manudi-aranna-2015-og-2016.pdf>

Í tölulegum upplýsingum á vef Barnaverndarstofu kemur einnig fram að fjöldi stöðugilda í barnavernd er 10,5 í Kópavogi en 8,9 í Hafnarfirði. <http://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Lykiltolur2015.pdf>

Barnaverndarstofa hefur þýtt og staðfært sænska aðferð við að mæla vinnuálag í barnavernd. Gefin eru stig fyrir aðgerðir s.s könnun mála allt eftir hvað hún er umfangsmikil, umsóknir um stuðningsúrræði án töku barns af heimili t.d. Barnahús, fjölskyldumeðferð o.fl.

Mælitækið var lagt fyrir alla starfsmenn barnaverndarteymis nú nýverið og var niðurstaðan að álag er geysi mikið á alla starfsmenn barnaverndarnefndar og mældist álagið langt yfir eðlilegum mörkum.

Mikil aukning hefur verið síðustu mánuði í vistun barna.

Fjöldi vistaðra barna tímabilið 1/1- 30/06/2016 28 börn.

Fjöldi vistaðra barna tímabilið 1/1- 30/06/2015 14 börn.

Móttökumiðstöð tók til starfa í sveitarfélaginu á síðasta ári auk þess sem gerður var samningur við Útlendingastofnun um þjónustu við þrjár fjölskyldur í hælisleit. Barnaverndarstarfsmenn hafa verið kallaðir til vegna barna sem eru í hælisleit. Það sem af er þessu ári eru málin orðin átta. Hér er um flókin mál að ræða þar sem mörg þjónustukerfi koma að. Einnig kalla mál hælisleitenda á töluverða sérþekkingu starfsmanna. Nauðsynlegt hefur verið að vista börn í nokkrum tilvikum og auk þess má nefna að ávallt er kallaður til túlkur við vinnslu málanna.

Á fundi starfsmanna með Barnaverndarstofu í ágúst s.l. komu fram áhyggjur Barnaverndarstofu vegna mikils álags í barnaverndarstarfi hjá Hafnarfjarðarbæ. Fram kom að kvartanir vegna málsmeðferðar í vinnslu barnaverndarmála hjá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar hafa aukist og séu fleiri en í Reykjavík. Starfsmenn Barnaverndarstofu sögðust greina að kvartanirnar tengdust álagi s.s. að kannanir eru ekki unnar innan tímaramma laganna sem er 3 mánuðir og að áætlanir í vinnslu mála eru útrunnar svo eitthvað sé nefnt.

Í bréfi frá Barnaverndarstofu frá því í sumar koma fram athugasemdir og ábendingar varðandi málsmeðferð í tilteknu barnaverndarmáli. Í bréfi stofunnar kemur m.a. fram eftirfarandi:

*„Í barnaverndarlögum er ekki að finna heimild til þess að setja mál, sem tilkynnt eru til nefndarinnar, á bið eða fresta afgreiðslu þess, hvorki vegna sumarleyfa, mannekle né af öðrum ástæðum. Er það mat stofunnar að komi upp sú staða að starfsmannahald sé með þeim hætti að ekki sé unnt að sinna lögbundnum skyldum nefndarinnar beri að gera stjórn sveitarfélagsins viðvart.“*

Hér með er vakin athygli fjölskylduráðs á stöðu mála í barnavernd sveitarfélagsins. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er óskað eftir viðbótarstöðugildi barnaverndarstarfsmanns.

Hafnarfjörður 8. september 2016